



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Seljaborg

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans.....	4
1 Greinargerð leikskólastjóra	5
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022	8
3 Innra mat deilda	11
3.1 Tjörn	11
3.2 Lækur	15
3.3 Lundur	19
4 Innra mat sérkennslu.....	23
5 Innra mat - fjöltyngd börn	25
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	28
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	29
8 Foreldrasamvinna.....	30
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	32
10 Fylgigögn.....	33
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	33



Leiðarljós leikskólans

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er upphaf formlegrar menntunar einstaklinga.

Í samstarfi við foreldra eflir leikskólinn alhliða þroska barna, stuðlar að öryggi þeirra og vellíðan.

Mikilvægt er að veita börnum hvetjandi uppeldisumhverfi þar sem allir fá viðfangsefni við hæfi. Í Seljaborg er lögð áhersla á að börnin fái notið bernsku sinnar í leik og starfi og að þeim sé sýnd virðing og umhyggja.

Allir eru fullgildir þátttakendur í samfélagi leikskólans þar sem áhugi, hæfni og styrkleikar einstaklingsins fá notið sín. Litið er á menntun, uppeldi og umönnun sem eina heild. Markmið okkar er að hvert barn fái notið sín og verði sjálfstæðir og félagslega sterkir einstaklingar.



1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2021 - 2022 fór vel fram og gengur stoltur starfsmannahópur frá starfsárinu og inn í það nýja. Hópurinn lagði sig fram við að búa börnunum betra umhverfi til náms og leiks, sækja sér fræðslu og byggja ofan á það sem áður var gott.

Í upphafi skólaárs hélt heimsfaraldurinn áfram að geisa sem aldrei fyrr. Enn mátti finna fyrir áhrifum hans og var skólastarf, samskipti á milli deilda og samskipti við foreldra enn mjög takmarkað. Veiran hélt því áfram að setja lit sinn á allt skólasamfélagið. Eftir áramót, þegar búið var að slaka á sóttvarnarreglum í þjóðfélaginu, smituðust nánast allir kennarar skólans af Covid19. Því var oft á tíðum krefjandi að halda skólanum opnum og halda uppi metnaðarfullu skólastarfi. Bæði starfsmannahópurinn og foreldrar sýndu mikið umburðarlyndi, seiglu og þolinmæði. Fyrir það er undirrituð ævinlega þakklát.



Stjórnendur Seljakots tóku við stjórnartaumum í Seljaborg með stuttum fyrirvara haustið 2020. Því er þriðja starfsár þeirra að hefjast. Undirrituð sat skólaárið 2021 - 2022 í samráðshópi sem hafði meðal annars það hlutverk að meta húsnæði og framtíð Seljaborgar - húsnæði sem er löngu komið til



ára sinna og stenst á engan hátt kröfur um nútíma skólahald. Í skýrslu hópsins má finna tillögur að úrbótum. Þær eru annars vegar að húsnæðið verði stórendurbætt með áframhaldandi leikskólastarf í huga og hins vegar að byggt verði við Seljakot og starfsemi Seljaborgar flutt þangað. Sameinaður leikskóli yrði þá undir sama þaki sem er kostur og um leið hagstæðari rekstrareining. Ákvörðunin liggur hjá borgarstjórn og verður áhugavert að vita

hver niðurstaðan verður. Það er þó algjörlega ljóst að húsnæði Seljaborgar er óviðunandi og að nauðsyn beri til úrbóta.

Á starfsárinu tók Matartíminn við eldhúsi Seljaborgar. Það fylgja því ótal kostir að vera með þjónustu frá þeim. Til dæmis er mjög auðvelt að mæta þörfum þeirra sem eru á sérþæði, Matartíminn sér um öll hráefniskaup og ef matráðurinn er fjarverandi kemur inn afleysing.

Á síðastliðnu starfsári var áhersla lögð á að samræma skipulagsdaga og þar með áherslur og námsþætti í Seljakoti og Seljaborg. Til að mynda var innleitt námsefnið Lubbi finnur málbein sem er viðurkennt málörvunar- og hljóðnámsefni fyrir leikskóla. Það er afar ánægjulegt að upplifa að námsefnið er strax farið að sanna gildi sitt. Við lok skólaársins byrjaði starfshópurinn á námskeiðinu Verkfærakistan á vegnum Kvan. Námskeiðið mun standa yfir allt



næsta starfsár og snýr að því að styrkja samskipti- og félagsfærni í barnahópnum og koma m.a. í veg fyrir einelti. Bæði námsefnið um Lubba og Verkfærakistan frá Kvan er liður í innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Næsta vor er fyrirhuguð sameiginleg náms- og kynnisferð erlendis. Kennarar í Seljaborg og Seljakoti eru þessa dagana að ræða saman um væntingar, áherslur og óskir. Markmið námsferða er alltaf að kynna sér nýngar, áherslur og nám í leikskólum erlendis en ekki síður að efla starfsandann og hafa þar gaman saman.

Undirrituð fer inn í nýtt starfsár full eftirvæntingar og tilhlökkunar. Það er gott að tilheyra og starfa þar sem ríkir gleði, metnaður og vinsemd.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Orðaspjall	Deildarstjórafundir umræður um hvort verið sé að vinna með aðferðina.	Starfsmenn	
Lubbi finnur málbein	Metið á skipulagsdögum í starfsmanna hópnum og á deildarstjórafundum.	Starfsmenn	Að starfsfólk nýti sér aðferðina í starfi með börnunum. Námsefnið er komið vel inn í starfið á öllum deildum.
Nýtt vinnu umhverfi	Umræður á deildarstjórafundum og skipulagsdögum. Hafa umræðuna lifandi um það sem betur má fara.	Starfsmenn	Skipulagið hefur fest sig í sessi og starfsmenn Seljaborgar duglegir að tileinka sér nýtt skipulag.

Ytra mat

Niðurstöður í viðhorfskönnun starfsmanna kom á heildina litið vel út, má þar nefna starfsánægja starfsmanna, jákvætt og hvetjandi starfsumhverfi, áhugasamir og jákvæðir starfsmenn en starfsmenn fundu líka fyrir miklu álagi, skorti á viðurkenningu og söknuðu þess að geta ekki sótt námskeið og endurmenntun. Þetta má kannski heimfæra beint á þær þungu aðstæður sem kennarar unnu við í heimsfaraldrinum. Einnig hafa verið gríðarlegar breytingar á innrastarfi leikskólans sem getur haft bein áhrif á niðurstöður.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorfsskönnun starfsfólks	Viðhorfsskönnun á netinu.	Starfsfólk í Seljaborg.	Almenn ánægja í nánast öllum þáttum starfsins



Umbótaátlun leikskólans 2022-2023							
UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁT TUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Stjórnun á tveimur starfstöðum	Að fá betra flæði í starf okkar, ná að setja niður skipulag um hvenær við vinnum saman og í sitthvoru lagi.	Setja upp skipulag um hvaða daga við vinnum saman. Hvernig við högum starfi okkar þegar önnur er fjarverandi	Sigríður og Ragnheiður	Haust 22	Vor 23	Hittast 2 á önn. Setja upp skipulag. Prufukeyra og endurmeta með 8 vikna millibili	Að skipulagið sé þannig að við náum að sinna þeim verkefnum sem til falla á báðum stöðum með fullnægjandi hætti. Að starfsfólk finni að það hafi gott aðgengi að okkur.
Uppeldis- og menntastarfr							
Verkfæra kista leikskólakennara	Fá inn námsfni til þess að efla kennara í að þekkja samskipta og félagsvanda barna, takast á við hann bæði fyrir einstaklinga og hóp barna.	Að allir kennarar skólans sækja námskeiðið á skipulagsdögum og vinni þess á milli með verkfærin.	Sigríður og Ragnheiður	Maí 22	Mar s 23	Á deildarstjórafundi að síðasta námskeiðis degi loknum. Samtal, skoðun milli deilda og framhald.	Að kennarar hafi öðlast verkfæri til að bera kennsl á og vinna með börn og hópa barna í félagslegum vanda eða samskiptavanda.
Mannauður /leikskóla bragur							
Fjölmenn ing og málstefna	Að samræma vinnulag í fjölmenningu og skapa málstefnu fyrir	Að faghópur Seljaborgar og Seljakots hittist og samræmi vinnulag	Kristín Mar og Brynj a	Okt 22	Maí 23	Á fagfundi að vori	Að allir fagmenn skólanna séu meðvitaðir um hlutverk verkefnastjóra fjölmenningar og



	leikskólana Seljaborg og Seljakot	varðandi fjölmenningu og skapi sér málstefnu á fagfundum					sitt eigið í málefnum fjölmenningar. Að gerð hafi verið málstefna sem kynnt hafi verið öllu starfsfólki skólanna.
--	---	--	--	--	--	--	--

3 Innra mat deilda

3.1 Tjörn

Leikskólaárið 2021-2022 voru 17 börn á Tjörn, 7 fædd árið 2016 og 10 fædd árið 2017. Barnahópurinn var samheldinn og börnin góðir vinir. Starfið fór vel af stað um haustið með skipulögðum samverustundum, hópastarfi, útiveru og frjálsum leik.

Hópastarf var þrisvar í viku og var börnunum skipt í þrjá hópa með tilliti til aldurs. Í hópastarfi var unnið með ýmis þemu og unnið að því að safna verkum barnanna í ferilmöppur. Í ferilmöppuna fóru myndrænar og skriflegar

skráningar, teikningar og ýmsar upplýsingar um barnið en hópstjórar báru ábyrgð á því hvað skyldi fara í möppurnar. Börnin höfðu gaman af þeim verkefnum sem unnin voru og sýndu þeim mikinn áhuga.

Um haustið fóru starfsmenn á námskeið í námsefninu „Lubbi finnur málbein“ sem felst í því að kenna börnunum íslensku málhljóðin og efla þar með





hljóðkerfisvitund þeirra. Einu sinni í viku var Lubbastund fyrir allan barnahópinn þar sem börnin lærðu nýtt málhljóð, táknrænar hreyfingar fyrir hvert hljóð, ný lög og leiki úr Lubbaefninu. Verkefni næsta árs verður að nýta Lubba námsefnið enn betur. Í daglegum samverustundum var sérstök áhersla lögð á lestur. Markmiðið var að efla orðaforða og hlustunarskilning barnanna. Þegar tækifæri gafst til var barnahópnum skipt í tvo hópa og voru þá

valdar bækur sem kennarar töldu best henta hvorum hóp. Í mars hófst að nýju lestrarátakið Bókaormurinn eftir langt hlé vegna Covid-19. Börnin skiptust á að koma með uppáhalds bókina sína að heiman sem var svo lesin í samverustund.

Elsti hópurinn fór í ýmsar vettvangsferðir á árinu. Um haustið tóku þau þátt í verkefninu Sofnað að hausti, vaknað að vori á vegum Grasagarðsins. Börnin fóru í heimsókn í Grasagarðinn að hausti og plöntuðu þar túlípanalauk sem var kominn í blóma í næstu heimsókn þeirra um vorið. Elsti hópurinn fór einnig á leiksýningar í Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu og fengu heimsókn frá Slökkviliðinu. Á fimmtudögum fóru elstu börnin líka í íþróttatíma á vegum





ÍR en stundirnar urðu ekki eins margar og vonast var eftir vegna Covid-19 og annarra veikinda.

Áfram var unnið með vináttuverkefnið Blær sem nýttist við eflingu félags- og tilfinningavitundar barnanna. Bangsarnir voru hafðir í auglýsni á aðgengilegum stað og höfðu börnin óhindrað aðgengi að þeim. Notast var við samræðuspjöld Blæs, lesnar voru sögubækur um Blæ og börnin lærðu vinasöngva og vinanudd. Verkefnið er

mjög áhugavert og skemmtilegt en ekki tókst að festa það í sessi og verður það áskorun fyrir næsta skólaár að hafa vikulegar Blæ stundir.

Þetta var krefjandi ár á Tjörn vegna veikinda og takmarkanna Covid-19 en gekk vonum framár miðað við aðstæður. Mikil samheldni var í starfsmannahópnum og allir lögðust á eitt við að sinna starfinu eftir bestu getu. Tækifæri til umbóta eru þó ávallt til staðar, svo sem aukin vinna með Blæ og Lubba og markvissari málörvun.



Umbótaþáttur/ matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir	Viðmið um árangur
Orðaspjall	Að auka orðaforða og málskilning barnanna.	Orðaspjall innleitt, ein bók valin á viku fyrir hvern hóp og orð valin út frá henni.	Kristín	sept 22	maí 23	Skráningarblað fyllt út fyrir hverja bók sem er lesin.	Að skilningur, tjáning og orðaforði aukist
Blær	Að festa vináttuverkefnið Blær í sessi í starfinu.	Vinna einu sinni í viku með Blæ.	Kristín	sept 22	maí 23	Demantaaðferð með börnunum í janúar 2022 og maí 2023. Á deildarfundum með kennurum.	Að félagsfærni verði betri hjá börnunum.
Flakk	Að b. og kennarar kynnist betur á milli deilda. Að b. njóta sín í fjölbreyttum verkefnum í tengslum við grunnþætti menntunar og námsvið leikskólans	Flakk sé einu sinni í viku á öllum deildum skólans.	Sibba	sept 22	maí 23	Demantaaðferð með börnunum í janúar 2022 og maí 2023. Á deildarfundum með kennurum.	Að börnin séu orðin örugg á öðrum svæðum skólans en heimastofu. Að börnin njóti sín í leik og stafi
Útinám	Að börnin þekki nærumhverfi sitt.	Hver hópur fer í útinám 1x viku. Einn hópur af Tjörn fer með hóp frá Læk og vinna þeir með	Pinky	sept 22	maí 23	Verður metið í maí 2023 Demantaaðferð með börnum og deildarfundum með kennurum	Að börnin þekki sitt nærumhverfi, árstíðir og hreyfingu.

		ákveðið þema.					
Lubbi	Að efla hljóðkerfisvitund barnanna.		Sibba	sept 22	maí 23	Demantaaðferð með börnunum í janúar 2022 og maí 2023. Á deildarfundum með kennurum.	Að börnin hafi lært málhljóðin í lok skólaárs.

3.2 Lækur

Leikskólaárið 2021-2022 voru 16 börn í Læk, fimm börn fædd árið 2017, tíu börn fædd árið 2018 og eitt barn fætt árið 2019. Barnahópurinn einkenndist af orkumiklum einstaklingum með mikla hreyfipörf. Haustið fór vel af stað og var áhersla lögð á hópastarf, samverustundir, útiveru og frjálsan leik. Í síðustu umbótaráætlun var ákveðið að nýta demantaaðferð með börnunum við endurmat. Demantaaðferðin er notuð með þeim tilgangi að börnin meti starfið sitt og ígrunda það sem þau hafa verið að gera yfir skólaárið. Teknar voru myndir af þeim í starfi sem þau áttu að raða upp á veggspjald eftir því sem þeim fannst skemmtilegast. Veggspjald var svo hengt upp í fataklefanum þar börnin gátu sýnt foreldrum sínum. Þessi aðferð reyndist okkur vel við lok skólaárs. Við sáum starfið endurspeglast í þeirra augum, þeirra upplifun og skoðanir komu fram.





Undanfarin ár hefur foreldrum verið boðið á ýmsa viðburði í leikskólanum en það hefur því miður ekki gefist tækifæri til þess í heimsfaraldrinum. Við vildum því finna aðra leið til þess að gefa foreldrum tækifæri til þess að upplifa starf barnanna á einhvern annan hátt. Ákveðið

var að hengja verk barnanna í gluggana í Læk. Við sáum að þetta skapaði skemmtilega stemningu þegar foreldrar og börn skoðuðu verkin í gluggunum. Börnunum þótti gaman að sýna foreldrum sínum verkin.

Vináttuverkefnið Blær hélt áfram þetta skólaár og gekk það vel. Blæ stundir voru haldnar einu sinni í viku. Styrkleikar þess að nýta Vináttuverkefnið var að börnin lærðu að þekkja sínar eigin tilfinningar og að bera virðingu fyrir tilfinningum annarra. Yfir heildina lærðu börnin að sýna meiri samkennd og tóku eftir því ef einhverjum leið illa og glöddust með ef aðrir voru glaðir. Börnin urðu meðvitaðri um tilfinningar sínar og annarra, þau eru farin að hjálpa náunganum ef eitthvað bjátar á og greina rétt frá röngu, svo sem ef barn sér einhvern verða fyrir aðkasti þá er látið vita og einhver kemur að hjálpa. Vináttustundir með Blæ eru búnar að festast í sessi á Læk. Við ætlum að halda áfram að vinna með félagsfærni næsta skólaár.



Haustið 2020 tókum við upp Matstofu á Seljaborg. Við höfum verið að aðlaga hana að skólanum okkar og höfum aðeins þurft að vinna með staðsetningu matstofunnar þar sem fátt er um sameiginleg rými. Við byrjuðum að taka heila deild undir hana sem reyndist illa. Á endanum var hún sett í innra herbergið við Tjörn. Þó rýmið sé lítið þá skapast þar góð stemning og börnin ná að njóta sín. Matartíminn er flæðandi þar sem börnin skiptast á að koma þar inn, 8 börn í einu og 4 af hvorri deild. Í heimsfaraldrinum þurftum við þónokkuð að fara í og úr sjálfshjálpinni vegna sóttvarna. Þetta var svolítið ruglingslegt bæði fyrir börn og kennara. Nú erum við að komast á rétt ról í sjálfshjálpinni. Sjálfstæði þeirra hefur aukist og eru þau full fær um að skammta sér sjálf. Kennarinn er þó ávallt á hliðarlínunni ef aðstoðar er þarfnast. Matstofan er orðin partur af daglegu skipulagi okkar.

Lubbi finnur málbein verkefnið hófst á haustmánuðum. Kennarar sátu námskeið um Lubba á skipulagsdegi. Kennarar fóru af krafti af stað með verkefnið, Málhljóðin voru gerð sýnileg á veggjum og var innleitt eitt málhljóð á viku. Þau æfðu tákni, söng og orð sem byrjuðu á því málhljóði. Börnin eru farin að veita sínum málhljóðum og annarra meiri athygli. Við notuðum demantsaðferðina til að meta starfið með börnunum, þau söguðu frá því sem þeim fannst skemmtilegast og út í það sem þeim þótti leiðinlegt. Við skoðum svo það sem þau sögðu, tókum út og bætum við fyrir næsta haust. Þessi þáttur er komin vel inn í starfið hjá okkur.





UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Útinám	Að börnin þekki sitt nærumhverfi	Hver hópur fer í útinám 1x í viku. Hópur fer með hóp frá Tjörn. Sem vinna saman af þema af útinámi	Hlynur	Sept 2022	Maí 2023	Verður metið í maí 2023 Demantaaðferð með börnum og deildafundum með kennurum	Að börnin þekki sitt nærumhverfi, árstíðir og hreyfingu.
Orðaspjall	Að orðaforði og skilningur barnanna aukist	Sögu- og spilastundir fyrir hádegis tvisvar í viku. Lesum bækur og veljum eitt orð á hóp á viku. Rætt við börnin reglulega um merkingu orðanna í daglegu starfi. Spilum og vinnum með málörvun og hljóðkerfisvitund.	Sandra	Sept 2022	Jan 2023	EFI-2 málþroska-skimun og Tras skráning á málþroska barna. Demantaaðferð með börnum og deildafundum með kennurum	Að skilningur, tjáning og orðaforði aukist

Flakk	Að b. og kennarar kynnist betur á milli deilda. Að b. njóta sín í fjölbreyttum verkefnum í tengslum við grunnþætti menntunar og námsvið leikskólans	Flakk sé einu sinni í viku á öllum deildum skólans	Gra do	Sep t 202 2	Maí 202 3	Verður metið jan 2022 og maí 2023 Demantaaðferð með börnum og deildafundum með kennurum	Að börnin séu orðin örugg á öðrum svæðum skólans en heimastofu. Að börnin njóti sín í leik og starfi.
-------	---	--	--------	-------------	-----------	---	---

3.3 Lundur

Leikskólaárið 2021-2022 voru 14 börn á Lundi, 11 fædd árið 2019 og 3 fædd árið 2020. Barnahópurinn var fjölbreyttur og með mismunandi þarfir. Börnunum fannst öllum mjög gaman í útiveru og reyndum við að fara út eins mikið og hægt var. Málörvun skipaði stóran sess í starfinu. Þar má helst nefna; Námsfnið Lubbi finnur málbein og lestur bóka. Einnig voru samverustundir sem börnin höfðu gaman að, þar var sungið og unnið með hreyfingar með lögunum. Allir starfsmenn deildarinnar þekkja nú námsfnið Lubbi finnur málbein og vinna með það í starfinu.





Á vordögum var lögð meiri áhersla á sjálfshjálp sem var eitt af markmiðum deildarinnar. Við höfum unnið með sjálfshjálp í fataherberginu þar hvetjum við börnin til að klæða sig sjálf í útifötin. Við hjálpum þeim þar sem þarf og hrósum þeim þegar vel gengur. Við sjáum framfarir og hvernig þetta eflir sjálfstraust þeirra. Einnig erum við að vinna með sjálfshjálp í matartímum, í leik og á salerni. Ef við gefum börnunum rými og tíma,

hvatningu og trú á að þau geti þetta sjálf þá blómstra þau í sjálfshjálpinni. Við munum vinna áfram með þetta markmið enda stór þáttur í starfinu með yngsta aldurshópnum í Seljaborg.

Á skipulagsdegi að hausti fór starfsmannahópurinn á námskeið þar sem við fengum fræðslu um námsefnið Lubbi finnur málbein, við höfum síðan unnið með það í vetur en hefðum viljað gera meira af því. Börnin sýndu námsefninu mikinn áhuga.

Vináttuverkefni Barnaheilla, Blær bangsi stóð svolítið á hakanum, það verður áframhaldandi verkefni að festa Blæ betur í sessi í starfinu.

Skólaárið var vissulega krefjandi vegna heimsfaraldursins og breytinga á starfsmannahaldi deildarinnar, en á heildina litið gekk starfið vel. Áskorun næsta árs verður að fylgja eftir nýjum markmiðum líkt og markvissari málörvun, öflugra hópastarfi og dagskipulagi, útinámi og frekari vinnu með Blæ.



UMBÓT APÁTTU R/ MATSP ÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Áby rgð	He fst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir ?	Viðmið um árangur
Vináttu verkefni Barna heilla	Að börnin eflist í félags og tilfinningaþroska í gegnum Blæ	Umræður í litlum hópum. Félagsfærnisögur. Tilfinningaspjöld úr vináttuverkefni Barnaheilla, lesa sögur, spila, læra að setja sig í spor annarra eins og t.d. í leik þar sem þeim gefst tækifæri til að æfa sig í því og sýna hvert öðru góðvild og virðingu.	Jess ica	Se pt 20 22	Maí 202 3	Endurmeta á deildarfundum. Ræða um félagsleg samskipti á deildinni og hjálpast að við að finna lausnir svo öllum líði vel. Passa að öll börn fái að tjá sig svo raddir allra barna á deildinni heyrast.	Að kennarar séu virkir í starfinu með Blæ bangsa. Að marvissar Blæ stundir séu í starfinu. Að börnin læri betur á tilfinningar sínar, þekki Blæ bangsa og geti tengt hann við vináttu.

Læsi og málörvun	Að börnin efli málfærni sína og eflist í samskiptum	Lubba stundir samhliða markvissri málörvun með bóklestri, samræðum og málörvunar-spilum Virk samskipti kennara við börn í gegnum leik og starf. Lubbi finnur málbein, málhljóð gerð sýnileg á veggjum deildarinnar.	Jen ný	Se pt 20 22	Maí 2023	TRAS Málþroska-skimun fyrir börn á þriðja aldursári Alhliða málþroski metinn 3x á árinu með skráningu á orðaforða, setninga-skipan og frásagnar-færni Regluleg skráning á samskiptum barnanna og hvaða tjáningar form þau nota	Að tveggja ára börn hafi tök á tveggja orða setningum, hafi áhuga á samskiptum og sýni bókum áhuga. Að börn geti tjáð þarfir sínar og langanir með sínum hætti ásamt því að geta átt í félagslegum samskiptum við jafnaldra.
Útivera og vettvang sferðir	Að efla hreyfifærni barnanna og líkamsvitund Að kanna nærumhverfi leikskólast Að auka grófhreyfingar. Að auka samhæfingu líkamshluta. Að auka gleði, vellíðan.	Vikulegir göngutúrar í litlum hópum. Koma til móts við hreyfipörf barna í gegnum skipulagða hreyfingu.	Sirr ý	Se pt 20 22	Maí 2023	Gögnum safnað með ljósmyndum úr gönguferðum. Deildarfundir, umræður um hreyfistundirnar, hvað gengur vel og hvað má bæta.	Að börnin efli hreyfifærni sína. Að börnin læri heiti á helstu líkamshlutum ásamt því að þekkja algeng hugtök sem tilheyra hreyfingu. Að börnin læri að fara eftir fyrir fram ákveðnum reglum í hreyfileikjum og hreyfistundum





4 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Í byrjun árs var gerð tafla sem sýndi stuðningsbörn og tímafjölda stuðnings. Stuðningaðilar voru settir inn í hvaða verkefni lögju fyrir að sinna og hvaða skráningaform ætti að nota eftir einstaklingsþjálfun. Einnig voru börn sem þurftu á viðbótar málörvun að halda tekin í einstaklingskennslu tvisvar sinnum í viku.
---	---

Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	Íslenski þroskalistinn og smábarnalistinn var gerður ef skoða þurfti eitthvað betur með börnin. Það var byrjað aftur með TRAS. HLJÓM-2 og EFI-2 var tekið á öllum börnum. AEPS er notað fyrir þau börn sem eru með stuðningstíma.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d. notuð aðkeypt námsgögn?	Nýttir voru hugmyndabankar af internetinu auk fjölda nýrra aðkeyptra spila og námsgagna.

Umbótaáætlun sérkennslu 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Málörvunarstundir fyrir þau börn sem koma illa út úr fyrri skimun á EFI-2 og HLJÓM-2	Að þau auki færni sína í íslensku.	Tökum 1-2 börn í málörvunarstundir 2-3x í viku.	Sibba	ágúst	júlí	EFI-2 og HLJÓM-2	Að færni hafi aukist í seinni skimuninni.
Kynna deildastjórum fyrir nýjum TRAS eyðublöðum	Að það sé betri heildarsýn á því hvernig árgangarnir eru að	Fylla út listann jafnóðum til að það sé betri heildarsýn	Sibba	ágúst	júlí	TRAS	Að það verði framfarir hjá börnunum.

sem voru gerð	standa sig. Einnig sést betur hvað þarf að efla í kennslu.	hvernig árgöngunum er að ganga.					
Fundir með deildastjórum	Að samskipti milli deildastjóra, sérkennslustjóra og verkefnastjóra óra fjölmenninga r verði markvissari.	Sérkennslustjóri boðar deildastjóra á fund í byrjun skólaárs, janúar og í maí.	Sibba	ágúst	maí	Samtal í lok skólaársins um hvað þarf að bæta?	Að samskipti milli stjórnenda verði markvissari.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2021–2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í laun verkefnastjóra.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Orð eru sett á hluti og athafnir og tækifæri til þess að spjalla og efla málproskann vel nýtt. Sérkennslustjóri tók reglulega hóp af börnum saman í spilastundir, fjöltyngdum og málfyrirmyndum.

Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Allir starfsmenn tóku þátt í málörvun að einhverju leyti í les- og samverustundum. Í lestrarstundum er barnahópnum skipt í smærri hópa eftir getustigi. Börnin fá lesefni eftir þörfum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Já, notast er við hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. Fyllt var í skráningarblað sem var búið til notast var við niðurstöður úr EFI-2 og HLJÓM-2.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já, unnið er að öllum þessum þáttum í daglegu starfi á öllum deildum.

Umbótaáætlun - fjöltyngi 2022-2023

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Mat á hæfni fjöltyngdra barna í íslensku	Að leggja mat á hæfni fjöltyngdra barna í íslensku.	Deildarstjórar fylla út matsblað sem unnið er upp úr hæfnirömmunum.	Brynja	ágúst	júlí	Reglulegt endurmat á u.þ.b. 2 mánaða fresti.	Að matsblöðin séu útfyllt.
Gefðu 10	Efla íslensku kunnáttu fjöltyngdra barna og virkja	Velja 2 börn á hvorri deild til að fá 10 mínútur á dag að lágmarki í 2 vikur í senn og	Brynja	ágúst	júlí	Fylgjast með skráningarbblaði.	Að fjöltyngdu börnin auki færni sína í íslensku og að allt starfsfólk



	starfsfólk til þátttöku.	minna á verkefnið í upphafi hverrar viku.					taki virkan þátt.
Foreldrasamstarf	Að koma á góðum samskiptum á milli leikskóla og foreldra barna af erlendum uppruna.	Taka vel á móti foreldrum við upphaf leikskólagöngu, tryggja að mikilvægar upplýsingar séu aðgengilegar fyrir foreldra sem ekki tala íslensku.	Brynja	ágúst	júlí	Fylgjast með þátttöku foreldra í leikskólastarfi.	Efla foreldrasamstarf.



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl eru fyrirhuguð með nýju og breyttu sniði. Markmiðin verða þau sömu og áður en notast verður við snerpusamtöl. Þar er áhersla lögð á stutt og hnitmiðað viðtal en á móti boðað til þeirra oftari yfir skólárið, eða tvisvar á hvorri önn.

Hvert samtal inniheldur ákveðið þema:

Viðtal 1. Starfsánægja, starfsandi og samskipti

Viðtal 2. Styrkleikar og hæfileikar

Viðtal 3. Tækifæri til vaxtar, þjálfun og starfsþróun

Viðtal 4. Nýsköpun og stöðugar framfarir

Símenntun frá síðasta ári

- Lestur fræðibóka og greina
- Lubbi finnur málbein námskeið.
- Menntastefnumót fjarráðstefna
- Morgunverðarfundir hjá Rannung
- Menntakvika HÍ
- Forystunám Reykjavíkurborgar
- Fræðsla og umræður á skipulagsdögum/jafningjafræðsla
- Sérkennslustjórafundir
- Stjórnendadagur Reykjavíkurborgar
- Barnaheill: námskeið
- Fundir með tengiliðum fjölmenningar



Reynt er eftir fremsta megni að gefa starfsmönnum tækifæri til að sækja áhugaverð námskeið sem upp koma á starfsárinu ef þau eru starfinu til heilla. Mikilvægt er að gefa starfsmönnum tækifæri til að sækja fyrirlestra, ráðstefnur og málþing er varða leikskólastarfið. Símenntun leikskólans tekur mið af skólanámskrá leikskólans, Aðalnámskrá leikskóla, starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs og nýrri Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Fræðsla, mat og umræður fara að mestu fram á



skipulagsdögum leikskólans. Vegna Covid-19 var lítið hægt að sækja námskeið og ráðstefnur. Við nýttum mannauð innan skólans og fundum í sameiningu mikið af fræðigreinum, meistararitgerðum og öðru lesefni sem okkur þykir nýtast vel í starfinu í Seljaborg.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Áætlun um samstarf leik- og grunnskóla í Seljahverfi 2022 - 2023:

September: Deildarstjórar elstu barna og umsjónarkennarar 1. bekkjar grunnskólanna hittast og ræða komandi skólaár. Þeir fara yfir hvernig skólaheimsóknir gengu og þær endurmetnar. Einnig er farið yfir komandi samstarf á nýju skólaári. Skólastjórar hittast á samráðsfundi í byrjun september.

Október: Gamli leikskólanemendur koma í heimsókn til okkar úr báðum grunnskólum.

Nóvember: Heimsóknir elstu barnanna í grunnskólana í litlum hópum. Nemendur úr 7. bekk Ölduselsskóla koma og lesa fyrir allar deildir á Degi íslenskrar tungu.

Febrúar: Elstu börnin fara í heimsókn tvö í grunnskólana.

Mars: Skólastjórnendur hittast til að ákveða sameiginlega skipulagsdaga fyrir skólaárið 2023-2024.

Mái: Elstu börnin fara í heimsókn þrjú í grunnskólana. Leikskólinn skilar gögnum varðandi börnin til grunnskólanna.



8 Foreldrasamvinna

Samkvæmt 9. gr. laga um leikskóla skulu foreldrar gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náið samstarf við starfsfólk leikskóla, fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólastarfið og velferð barna. Foreldrar skulu jafnframt eiga rétt á upplýsingum um skólastarfið og stöðu barna sinna. Eigi í hlut foreldrar sem tala ekki íslensku eða nota táknmál skal skóli leitast við að tryggja þeim túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta heimilis og skóla.

- Boðið er upp á valfrjáls foreldraviðtöl í nóvember 2022
- Foreldraviðtöl verða fyrir alla foreldra í febrúar 2023 og í maí/júní fyrir foreldra barna sem hefja grunnskólagöngu að hausti.
- Við minnum einnig á að foreldrar geta alltaf fengið viðtal ef þess er óskað.

- Kynningarfundur fyrir foreldra barna sem byrja í Seljaborg sumar/haust 2023 verður haldinn í maí/júní 2023 og/eða foreldrar verða boðaðir í viðtal eftir því sem við á.
- Allir nýir foreldrar eru boðaðir í viðtal áður en aðlögun hefst.

Foreldraráð

Í foreldraráði sitja tveir til þrír foreldrar auk leikskólastjóra. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt varðandi allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008).



Foreldrafélag

Í foreldrafélaginu sitja þrír - fjórir foreldrar auk áheyrnarfulltrúa starfsmanna, kosið er í félagið að hausti. Foreldrafélag Seljaborgar stendur fyrir ýmsum upptökum bæði utan og innan leikskólatíma og hefur borið kostnað af ýmsu sem við myndum annars ekki gera, eins og t.d. leiksýningar. Ferðir utan leikskólatímans eru skammtileg viðbót við leikskólastarfið og gefur fjölskyldum leikskólabarnanna tilefni til að kynnast og skemmta sér saman.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Föstudagur 9. september, skipulagsdagur, allir skólar í Seljahverfi
- Fimmtudagur 13. október, skipulagsdagur, hálfur dagur opnum kl: 12:15
- Föstudagur 25. nóvember, skipulagsdagur, allir skólar í Seljahverfi
- Mánudagur 12. desember, skipulagsdagur, hálfur dagur lokum kl: 12:00
- Miðvikudagur 15. mars, skipulagsdagur, allir skólar í Seljahverfi
- Miðvikudagur 19. apríl, skipulagsdagur námsferð starfsmanna
- Föstudagur 21. apríl, skipulagsdagur námsferð starfsmanna

Við fáum sex daga á ári til að skipuleggja leikskólastarfið og til að stunda símenntun. Þessir dagar koma fram í starfsáætlun leikskólans og eru auglýstir með góðum fyrirvara. Að þessu sinni eru þrír dagar á starfsárinu samræmdir, þ.e. allir leik- og grunnskólar í Seljahverfi eru með skipulagsdaga 9. september, 25. nóvember og 15. mars.



10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXXX
XXXXX XXXXXXXX



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:





Umsögn foreldraráðs skólaárið 2022 – 2023



Foreldraráð leikskólans skipa

Arnar Gauti Sverrisson

Heiðrún Grétarsdóttir

Íris Dröfn Árnadóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara. Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.

Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. 3 Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Hlutverk foreldraráðs Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð hefur lesið og farið yfir starfsáætlun leikskólans og telur að hún sé í samræmi við það starf sem hefur verið í skólanum. Áætlunin er skipulega unnin og er tekið mið af þroska og getu barnanna. Síðastliðið ár hefur verið vel unnið þar sem búin var til góð rútína fyrir börnin og haldið í fasta liði ásamt því að breyta út af með fjölbreyttum og metnaðarfullum verkefnum. Þannig hafa börnin fengið að kynnast mörgum og áhugaverðum verkefnum.

Foreldraráð leikskólans er ánægt með hversu fjölbreytt og skilvirkt starfið hefur verið. Hlýlegt og faglegt andrúmsloft er ríkjandi í samskiptum og viðmóti starfsfólks að mati foreldraráðsins.

Starfsfólk skólans er duglegt að nýta sér umhverfi leikskólans til að auka fjölbreytni starfseminnar. Farið er með börnin í styttri og lengri göngutúra þannig að börnin kynnast sínu nánasta umhverfi.

Leikskólinn leggur mikla áherslu á læsi sem er óumdeilanlegt að skili sér í jákvæðri upplifun hjá börnunum þegar það fer yfir í grunnskóla.

Leikskólinn leggur einnig áherslu á að nemendur öðlist styrk og sjálfsöryggi í framkomu og er verkefnið "Bókaormurinn" frábært verkfæri í því. Eins eru verðlausir hlutir notaðir á margan hátt í leikskólanum sem ýtir undir sköpunarkraft barnanna.

Foreldraráð vill benda á nokkur atriði sem það telur að geti styrkt starf leikskólans og jákvæða upplifun barna og foreldra:

- Bæta má upplýsingaflæði til foreldra þegar breytingar verða á leikskólanum, sbr. þá breytingu að matráður eldar ekki lengur mat á leikskólanum heldur að hann komi utanfrá
- Bæta má upplýsingaflæði til foreldra varðandi starfsmannabreytingar fyrirfram, svo foreldrar séu meðvitaðir hver eru hætt og hver eru ný
- Bæta má vefsíðu leikskólans, t.d. upplýsingar um starfsfólk og starfsáætlanir fyrri ára
- Stjórnendur leikskólans beiti sér fyrir því að stofnað verði foreldrafélag til að efla samstarf foreldra og leikskólans
- Stjórnendur leikskólans beiti sér fyrir því að starfsfólki sé gefið svigrúm og leiðbeiningar, ef við á, til að afla sér þekkingar um börn með sérþarfir
- Óskað er eftir að starfsdagar leikskólans séu ekki hálfir dagar en ef það er nauðsynlegt þá er æskilegra að þeir séu eftir hádegis

- Að lokum óskar foreldraráð eftir samtali milli Reykjavíkurborgar og foreldra hvað varðar framtíðarsýn Seljaborgar

Fyrir hönd foreldraráðsins,

Arnar Gauti Sverrisson

Heiðrún Grétarsdóttir

Íris Dröfn Árnadóttir